# Nesjavellir -ósk um frekari upplýsingar

| | | |
|---|---|---|
| **Til** | : | Erla Björg Aðalsteinsdóttir <erla@vso.is> |
| **Frá** | : | Sigurður Ásbjörnsson |
| **Heiti** | : | Nesjavellir -ósk um frekari upplýsingar |
| **Málsnúmer** | : | 202402119 |
| **Málsaðili** | : | Orka náttúrunnar ohf. |
| **Skráð dags** | : | 27.05.2024 10:32:00 |
| **Höfundur** | : | Sigurður Ásbjörnsson |

**Viðhengi** Mynd 4.1 með spurn.pdf
image001.jpg

Sæl Erla

Nesjavellir eru á lokametrunum en til að geta lokið ákvörðun um matsskyldu þurfum við að fá skýrari svör frá ykkur með nokkur atriði. Ég bið þig að skoða viðhengið með þessum pósti. Þar hef ég merkt inn á mynd 4.1 í greinargerðinni, þó myndin sé góð þá vakna engu að síður spurningar um nokkur atriði á henni sem ég bið ykkur að svara.

Á mynd 4.1 eru m.a. sýnd borplön sem eru ekki á borsvæðum. Hverju sætir það?

Í texta kemur fram að með því að sameina nokkrar borholur á sama borplanið megi draga úr heildarraski framkvæmda. Gott væri að fá nánari lýsingu af þeim ávinningi.

Þá vantar upplýsingar um hversu mikið af starungsmýrarvist er reiknað með að raskist við framkvæmdirnar.

Kveðja,

**Sigurður Ásbjörnsson**
sérfræðingur, svið umhverfismats / Specialist, Environmental Assessment
Skipulagsstofnun - National Planning Agency
Borgartún 7b, 105 Reykjavík, Ísland – Iceland
sími 595 4100
Sigurdur.Asbjornsson@skipulag.is
www.skipulag.is
www.facebook.com/skipulagsstofnun




Mynd 4.1 Núverandi skipulag Nesjavallavirkjunar ásamt fyrirhuguðum stækkunum á borsvæðum og öðrum viðbótum

Þarf ekki nýjar lagnir frá þessum nýju holum? Eða duga þær lagnir sem eru fyrir? Eða þarf að skipta út í sverari lagnir?

Er bara verið að leggja lagnir að þessu borsvæði? Þarf ekki að útbúa borplan?

# Skáboranir

| | | |
|---|---|---|
| **Til** | : | Erla Björg Aðalsteinsdóttir <erla@vso.is> |
| **Frá** | : | Sigurður Ásbjörnsson |
| **Heiti** | : | Skáboranir |
| **Málsnúmer** | : | 202402119 |
| **Málsaðili** | : | Orka náttúrunnar ohf. |
| **Skráð dags** | : | 28.05.2024 09:01:00 |
| **Höfundur** | : | Sigurður Ásbjörnsson |

**Viðhengi** image001.jpg

Sæl Erla

Í kafla 4.3 segir „Vinnslu-og niðurdælingarholurnar sem rætt er um að bora í þessum áfanga verða beinar eða skáboraðar, með allt að 30° halla frá yfirborði.“ Er virkilega verið að tala um skáboranir sem eru 30 ° frá láréttu? Á þetta ekki að vera 30° frá lóðréttu?

Kveðja,

**Sigurður Ásbjörnsson**
sérfræðingur, svið umhverfismats / Specialist, Environmental Assessment
Skipulagsstofnun - National Planning Agency
Borgartún 7b, 105 Reykjavík, Ísland – Iceland
sími 595 4100
Sigurdur.Asbjornsson@skipulag.is
www.skipulag.is
www.facebook.com/skipulagsstofnun

Skipulagsstofnun

# RE: Skáboranir

| | | |
|---|---|---|
| Til | : | Sigurður Ásbjörnsson - SLS <Sigurdur.Asbjornsson@skipulag.is> |
| Frá | : | Erla Björg Aðalsteinsdóttir <erla@vso.is> |
| Heiti | : | RE: Skáboranir |
| Málsnúmer | : | 202402119 |
| Málsaðili | : | Orka náttúrunnar ohf. |
| Skráð dags | : | 28.05.2024 09:48:31 |
| Höfundur | : | Erla Björg Aðalsteinsdóttir <erla@vso.is> |

**Viðhengi** image001.jpg

Sæll aftur, jú það er rétt, þetta á að vera 30°halli frá lóðréttu.

**Kveðja,**
**Erla Björg Aðalsteinsdóttir**
Umhverfis- og auðlindafræði M.Sc
Umhverfi og skipulag

VSÓ RÁÐGJÖF
Borgartúni 20, 105 Reykjavík, Ísland
sími: 585 9195
gsm: 849 0502
netfang: erla@vso.is
heimasíða: www.vso.is

***Leiddu hugann að umhverfinu áður en þú prentar út þennan tölvupóst.***
*Þessi tölvupóstur og viðhengi hans getur innihaldið trúnaðarupplýsingar eingöngu ætlaðar þeim sem hann er stílaður á.*
*Ef póstur þessi berst fyrir mistök þá vinsamlegast gerið sendanda viðvart og eyðið póstsendingunni.*

**From:** Sigurður Ásbjörnsson - SLS
**Sent:** þriðjudagur, 28. maí 2024 09:02
**To:** Erla Björg Aðalsteinsdóttir
**Subject:** Skáboranir

Sæl Erla

Í kafla 4.3 segir „Vinnslu-og niðurdælingarholurnar sem rætt er um að bora í þessum áfanga verða beinar eða skáboraðar, með allt að 30° halla frá yfirborði." Er virkilega verið að tala um skáboranir sem eru 30 ° frá láréttu? Á þetta ekki að vera 30° frá lóðréttu?

Kveðja,

**Sigurður Ásbjörnsson**
sérfræðingur, svið umhverfismats / Specialist, Environmental Assessment
Skipulagsstofnun - National Planning Agency
Borgartún 7b, 105 Reykjavík, Ísland – Iceland
sími 595 4100
Sigurdur.Asbjornsson@skipulag.is
www.skipulag.is
www.facebook.com/skipulagsstofnun

## RE: Nesjavellir -ósk um frekari upplýsingar

| | | |
|---|---|---|
| **Til** | : | Sigurður Ásbjörnsson - SLS <Sigurdur.Asbjornsson@skipulag.is> |
| **Frá** | : | Erla Björg Aðalsteinsdóttir <erla@vso.is> |
| **Heiti** | : | RE: Nesjavellir -ósk um frekari upplýsingar |
| **Málsnúmer** | : | 202402119 |
| **Málsaðili** | : | Orka náttúrunnar ohf. |
| **Skráð dags** | : | 29.05.2024 11:34:44 |
| **Höfundur** | : | Erla Björg Aðalsteinsdóttir <erla@vso.is> |

**Viðhengi** image001.jpg

Sæll Sigurður, hér koma svör við spurningunum.

- Þarf ekki nýjar lagnir frá þessum nýju holum? Eða duga þær lagnir sem eru fyrir? Eða þarf að skipta út í sverari lagnir?
  - **Viðbrögð ON:** Það þarf ekki nýjar lagnir í tengslum við þá framkvæmd sem er til umfjöllunar hér.
- Er bara verið að leggja lagnir að þessu borsvæði? Þarf ekki að útbúa borplan?
  - **Viðbrögð ON:** Þessi borsvæði voru skilgreind í eldra umhverfismati og skipulagsvinnu fyrir Nesjavallavirkjun. Á þessum tímapunkti eru ekki áform um að nýta þessi svæði. Möguleiki er þó að í framtíðinni verði þessi svæði skoðuð nánar en ekki liggur fyrir hvort það verði fyrst og fremst til rannsókna eða vinnslu.
- Á mynd 4.1 eru m.a. sýnd borplön sem eru ekki á borsvæðum. Hverju sætir það?
  - **Viðbrögð ON:** Um er að ræða borplön sem útbúin voru á upphafsárum Nesjavallavirkjunar. Í seinni tíð, þegar farið var að skilgreina borsvæði, hafa ekki verið áform um að bæta við borplönum á þessum svæði og því ekki verið skilgreind sérstaklega borsvæði í kringum þau.
- Í texta kemur fram að með því að sameina nokkrar borholur á sama borplanið megi draga úr heildarraski framkvæmda. Gott væri að fá nánari lýsingu af þeim ávinningi.
  - **Viðbrögð ON:** Með því að samnýta borplön fyrir fleiri en eina borholu má betur samnýta þá innviði sem eru til staðar, t.a.m. slóðagerð, lagnaleiðir og svarfþró. Þá dregur samnýtingin líka úr umfangi borplana þar sem stór hluti borplans nýtist sem geymslusvæði fyrir búnað og aðföng í tengslum við borunina. Mynd 4.2 í matsskyldufyrirspurn sýnir vel plássið sem þarf að vera til staðar á borplani þegar borun er í gangi. Sú mynd sýnir jafnframt borplan þar sem verið er að bæta við viðbótarholu en þegar eru 2 borholur á borplaninu (kúluhús hægra megin við borinn).
- Þá vantar upplýsingar um hversu mikið af starungsmýrarvist er reiknað með að raskist við framkvæmdirnar.
  - **Viðbrögð ON:** Framkvæmd mun raska um 1,1 ha af starungsmýrarvist, miðað við vefsjá Náttúrufræðistofnunar Íslands.

**Kveðja,**
**Erla Björg Aðalsteinsdóttir**
Umhverfis- og auðlindafræði M.Sc
Umhverfi og skipulag

VSÓ RÁÐGJÖF
Borgartúni 20, 105 Reykjavík, Ísland
sími: 585 9195
gsm: 849 0502
netfang: erla@vso.is
heimasíða: www.vso.is

***Leiddu hugann að umhverfinu áður en þú prentar út þennan tölvupóst.***
*Þessi tölvupóstur og viðhengi hans getur innihaldið trúnaðarupplýsingar eingöngu ætlaðar þeim sem hann er stílaður á.*
*Ef póstur þessi berst fyrir mistök þá vinsamlegast gerið sendanda viðvart og eyðið póstsendingunni.*